



Alþingi

Umhverfis- og samgöngunefnd (nefnasvid@althingi.is)

Austurstræti 8 – 10

101 Reykjavík

Sent í tölvupósti

Svartsengi, 4. maí 2018

Varðar: Umsögn HS Orku hf. um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 (EES- reglur, stjórnvaldssektir o.fl.), 467. mál.

Vísað er til frumvarps umhverfisráðherra til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 (EES- reglur, stjórnvaldssektir o.fl.), 467. máls sem nú er til meðferðar hjá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Frumvarpsdrögin höfðu áður í þágu samráðs verið kynnt í samráðsgátt stjórnarráðsins og í kjölfar yfirferðar á frumvarpsdrögunum sendi HS Orka hf. helstu athugasemdir og ábendingar félagsins. Vísað er til téðrar umsagnar HS Orku hf. dags. 9. mars 2018 hvað einstök efnisatriði frumvarpsins varðar en rétt er að taka fram að vart verður séð að þær hafi verið hafðar til hliðsjónar í hinu framlagða frumvarpi.

Í fyrstu vill HS Orka lýsa ánægju sinni með að ferill og framkvæmd umhverfismats sé tekinn til endurskoðunar svo sem gert er í takmörkuðum atriðum í frumvarpinu. Umhverfismöt hafa þróast allt frá því að lögin 106/2000 voru sett og eru þau orðin fastur og mikilvægur hluti allra verulegra framkvæmda. Reynsla HS Orku af framkvæmd umhverfismats er jákvæð og það mat sem framkvæmt hefur verið vegna framkvæmda á vegum félagsins, dótturfélaga, eða tengdra félaga, hefur jafnan leitt í ljós þýðingarmikil atriði. Þannig hefur verið unnt að taka tillit til mikilvægra sjónarmiða. Með vísan til reynslu hefur HS Orka í auknum mæli nýtt og þróað umhverfismöt og í einstaka tilfellum látið framkvæma þau, án þess að legið hafi fyrir hvort skylt hafa verið að ráðast í framkvæmd þeirra.

Rétt er þó að taka fram að sá galli hefur verið á framkvæmd, og þá ekki síst stjórnsýslulegri meðferð, umhverfismata að þau hafa tekið langan tíma, raunar lengri heldur en ástæða var til að ætla. Meðferð slíkra mála hjá opinberum aðilum hefur dregist, oft fram yfir lögboðna fresti, og ríkar kærheimildir aðila sem ekki hafa látið mál til sín taka þegar tækifæri gafst, hafa slegið á frest framkvæmdum sem tilbúnar voru að öllu öðru leyti í fullu samræmi við opinberar kröfur.

Því vill HS Orka leggja áherslu á mikilvægi þess að allir þættir undirbúningsferlis framkvæmda sæti reglulegri endurskoðun með það að markmiði að einfalda, straumínulaga og flyta ferlum, þó án þess að slegið verði af kröfum til umhverfisverndar og vandaðrar meðferðar framkvæmda aðila og eftirlitsstofnana. Þá er mikilvægt að gæta að því að orka og áherslur sérfræðinga fari í þau atriði sem mesta þýðingu hafa. Einsýnt er að allar úrbætur í þessa veru eru til bóta og til þess fallnar að treysta samfélagshagsmunum sem fólgnir eru í því að draga úr samfélagslegum kostnaði sem óneitanlega leiðir af töfum við framkvæmdir.

Með sama hætti vill HS Orka leggja áherslu á að í þeim tilfellum sem stjórnvöld hafa svigrúm eða margar leiðir til að innleiða ákvæði tilskipunar 2014/52/ESB er rétt að gæta vel að því að velja ekki leiðir sem eru meira íþyngjandi en þörf krefur til að ná fram markmiðum tilskipunarinnar.

Með hliðsjón af ofangreindu, og ekki síst í ljósi þeirrar heildarendurskoðunar á lögum um umhverfismat nr. 106/2000 sem umhverfisráðherra hefur boðað, m.a. í framsögu við framlagningu þess frumvarps sem hér er til umfjöllunar, telur HS Orka rétt og skynsamlegt að þegar verði ráðist í heildarendurskoðun í stað „bútaskaums“ á einstökum atriðum í lögnum svo sem felst í frumvarpi á þingmáli nr. 467. Þannig tekur HS Orka undir þau sjónarmið sem sett hafa verið fram af hálfu fulltrúa Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins.

Óskilvirkni og tafir á sviði umhverfis- og skipulagsmála leiða nær undantekningarlaust til samfélagslegs kostnaðar og hefur áhrif á mörg svið samfélagsins. HS Orka vill taka fram að afar mikilvægt er taka tillit til reynslu *allra* hlutaðeigandi hagsmunaaðila á mati á umhverfisáhrifum við endurskoðun þeirra reglna sem um það gilda. HS Orka, sem eitt stærsta orkuframleiðslufyrirtæki landsins telst, líkt og önnur slík, títt til framkvæmdaraðila í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Innan fyrirtækisins er því mikilvæg reynsla af þessum málaflakki. Að undanförmu hefur nokkur umræða hefur verið á vettvangi hliðstæðra fyrirtækja og samtaka fagfólks um þörfina á því að bæta ferla, gera þá skilvirkari og lágmarka neikvæð áhrif á málshraða skipulags- og leyfismála án þess að nokkru verði til fórnað í gæðum umhverfismats og leyfisveitinga.

Að lokum lýsir félagið sig reiðbúið að senda sérfræðinga sína til að koma fyrir umhverfis- og samgöngunefnd til að gera nánar grein fyrir ofangreindum sjónarmiðum og nýlegri reynslu sem gefur að mati félagsins tilefni til endurskoðunar regluverksins. Það er von félagsins að slíkt samtal mætti verða gagnlegt málsmeðferð nefndarinnar.

Virðingarfyllst,



Ásbjörn Blöndal,
Framkvæmdastjóri þróunarsviðs HS Orku hf.



Finnur Beck hdl.
Lögfræðingur HS Orku hf.